

Niðurgreiðsla til dagforeldra og foreldragreiðslur 2026

Upphæð niðurgreiðslu fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er 382 kr. fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki 66.220 kr. á mánuði og fyrir foreldra sem eru einstæðir eða báðir í fullu námi 482 kr. fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki 83.487 kr. á mánuði.

Niðurgreiðslur ganga beint til dagforeldra, sem sjá um að innheimta niðurgreiðslu frá sveitarfélaginu á grundvelli staðfestrar yfirlýsingar frá foreldrum um dvalartíma barns.

Tillaga að bókun félagsmála- og tómstundanefndar

Félagsmála- og tómstundanefnd samþykkir samhljóða að upphæð niðurgreiðslna skv. 6. gr. reglna um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum og um foreldragreiðslur hækki um 2,7%. Niðurgreiðsla verður þó aldrei hærri en sem nemur mismun á heildargjaldi vistunar hjá dagforeldri og í leikskóla (gæsla, kostnaður og fæði). Vísað til byggðarráðs.